

**Nr. 077 / 09 Zodiac slöngubátur****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. Óskráður  
Smíðaður: Kanada  
Stærð: brl. bt.  
Mesta lengd: 4,2 m Skráð lengd:  
Breidd: 1,75 m Dýpt:  
Vél: Mercury 18,5 kW  
Fjöldi skipverja: 1



Zodiac Grand Raid MK II LS ©framleiðandi

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 6. júní 2009 var Zodiac slöngubátur á siglingu við Siglunes. Veður A 9 til 11 m/sek.

Skömmu eftir að lagt var úr vör í Siglunesi stöðvaðist vélin. Bátsverji setti þá út stjóra meðan hann reyndi að gangsetja vélina en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fékkst hún ekki í gang. Hann hringdi í skipstjórnann á Viggó SI 32 og bað hann að draga sig til hafnar.

Eftir að komið var til Siglufjarðar voru kertin skoðuð og reyndust þau mjög illa farin og voru ný kerti sett í og vélin gangsett.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn formanns var tímabært að skipta um kertin og hann hafi verið búinn að kaupa þau en skilið þau eftir í landi þegar hann fór á sjó;

**Nefndarálit:**

Orsök vélabilunarinnar var vanræksla á eðlilegu viðhaldi.